

um viðauka við lög nr. 9 6. febrúar 1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117 1950, um breyting á lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslíð 1. gr., áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvара, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvöllinum hækki tilsvarendi frá sama tíma og launahækkunin verður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 9 6. febrúar 1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að ákveðið hafi verið með lögum nr. 9/1951, að laun skyldu ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. En í janúarmánuði voru laun miðuð við vísitölu 123. Jafnframt hafi svo verið ákveðið í 2. gr. laganna, að bændur mættu ekki hækka verð landbúnaðarvара nema fyrir dreifingar- og vinnslukostnaði, en kaup bóndans í gildandi verðlagsgrundvelli, sem þá hafi verið miðaður við vísitölu 115, eða 8 stigum lægri. Við setningu þessara laga á Alþingi hafi því verið lýst yfir af hálfu beggja stjórnarflokkanna, að ef kaupgjald hækkaði samkvæmt kjarasamningum fyrir 1. september n. k. þá yrði ekki hjá því komizt að heimila bændum hliðstæða hækkun. Kaup hafi nú hækkað samkvæmt kjarasamningum, og hafi því framleiðsluráð landbúnaðarvара hækkað að söluverð landbúnaðarafurða á grundvelli téðra yfirlýsinga. Þar sem dregið sé í efa, að þessi verðhækkun hafi við lög að styðjast, þyki brýna nauðsyn til bera að taka af öll tvímæli um gildi þessara verðlagsákvarðana.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 9/1951, um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú hækka laun samkvæmt 1. málslíð 1. gr. áður en nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvара, samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1947, kemur til framkvæmda haustið 1951, þá er framleiðsluráði landbúnaðarins heimilt að hækka verð landbúnaðarafurða þannig, að liðirnir kaup bóndans og aðkeypt vinna í verðlagsgrundvöllinum hækki tilsvarendi frá sama tíma og launahækkunin verður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. júní 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*